

## 11. fundur Umhverfisnefndar Hrunamannahrepps, kjörtímabilið 2018-2022.

Haldinn þriðjudaginn 5. maí kl. 17:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Mætt: Daði Geir Samúelsson formaður, Valdís Magnúsdóttir og Bjarni Arnar Hjaltason.

### Dagskrá:

1. Umhverfisverðlaun og umhverfishrós Hrunamannahrepps.
2. Grólinn, kortlagning beitalanda.
3. Friðlýsing háhitasvæða í Kerlingarfjöllum.
4. Áætlun og uppgjör á refaveiðum.
5. Gönguleið Miðfell.

#### 1. Umhverfisverðlaun og umhverfishrós Hrunamannahrepps.

Þó nokkrar tilnefningar bárust til verðlaunanna og margir mjög efnilegir aðilar sem koma til greina. Miklar umræður og erfitt að velja. Fór því nefndin í léttu skoðunarferð um sveitina. En sameiginlega tókst að velja verðlaunahafa og fylgir röksemdarfærsla í viðhengi sem verður birt við afhendingu verðlaunanna þann 17. júní. Formanni falið að útvega verðlaun í samstarfi við skrifstofu hreppsins.

#### 2. Grólinn, kortlagning beitalanda.

Umhverfisnefnd skoðaði kortið um skiptinu beitalanda innan Hrunamannahrepps. Þar eru svæði flokkuð eftir fjórum flokkum.

- 1 **Beitarsvæði:** Öll þau svæði þar sem engar takmarkanir eru á beit á hefðbundnum beitartíma.
- 2 **Landgræðslugirðingar:** Þau svæði sem Landgræðslan hefur umsjón með og eru friðuð fyrir sauðfjárbreit með girðingum sem eru á ábyrgð stofnunarinnar. Þarna eiga sér oftast stað uppgræðslur
- 3 **Friðuð svæði fyrir beit:** Svæði þar sem sauðfjárbreit er takmörkuð s.s. vegna landgræðslustarfs, skógræktar, byggðar o.s.frv. Einnig eru undir þessum flokki svæði þar sem beitarstýring á sér stað vegna gæðastýrðar sauðfjárframleiðslu en það fé sem finnst þar er skorið eða haldið heima.
- 4 **Fjárlítill og fjárlaus svæði:** Svæði sem sauðfé gengur almennt ekki á vegna landfræðilegra aðstæðna og því ekki smöluð skv. fjallskilum.

Hrunamannaafreitur er að mestu leiti skilgreindur í flokki 1. Þó eru Kerlingarfjöll og Hraun við jökuljaðarinn skilgreindir sem flokkur 5. Finnst nefndinni það skrítið og óskar skýringa þar sem það landsvæði er flokkað fyrir utan þá skilgreindu flokka sem gefnir eru upp í verkefninu. Hvað þýðingu hefur þessi flokkun? Að öðru leiti hefur nefndin ekki aðrar athugasemdir við flokkun landsins að svo komnu máli.

#### 3. Friðlýsing háhitasvæða í Kerlingarfjöllum.

Formaður kynnti tillögu að friðlýsingu svæðis í verndarflokki rammaáætlunar vegna Hverabotna, Neðri-Hveradala, Kisubotna og Þverfells í Kerlingarfjöllum. Umhverfisnefnd tekur undir athugasemdir sveitarstjórnar frá 24. fundi þar sem fjallað var um málið.

**4. Áætlun og uppgjör á refaveiðum.**

Lagt fram til kynningar. Hvetur nefndin fólk sem lendir í tjóni af völdum refa og minka að tilkynna málið til Umhverfisstofnunar svo gögn séu sem best.

**5. Gönguleið Miðfell.**

Gönguleiðin uppá Miðfell er farinn að láta á sjá mikið og þarf að grípa til aðgerða til þess sporna við að hún skemmist enn frekar. Mikð hefur verið gengið þessa leið núna á tímum COVID19 og því nauðsynlegt að bregðast við til að halda þessari góðu leið í standi. Vísar nefndinn til fyrri bókunar frá 6. fundi, lið 3, þar sem nefndin lýsti áhyggjum sínum.

Fundi slitið 18:48